

97. fundur Sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2014 haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn föstudaginn 7. febrúar 2014 og hófst kl. 15:00.

Mættir eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Indriði Þóroddsson, Björn Guðmundur Björnsson, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver hefði við fundarboð að athuga og svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 96/2014.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð Hafnarstjórnar Langanesbyggðar dagsett 28. janúar 2014

Lögð fram til kynningar.

Varðandi dýpkunina á Bakkafirði þá hyggst verktakinn klára það verk fyrir næstu mánaðarmót en framkvæmdin er komin fram yfir skiladagsetningu.

3. Fundargerð stjórnar Nausts dagsett 4. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar færir vistmanni kærar þakkir fyrir höfðinglega gjöf.

Sveitarstjórn er sammála um að móta sér stefnu í málefnum aldraðra og óskar eftir því að stjórn Naust komi með mótaða tillögu um með hvaða hætti slíka vinna geti átt sér stað. Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands dagsett 4. desember 2013

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Eypings 250. fundur, dagsettur 11. desember 2013

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð Fulltrúaráðs Eypings, dagsett 11. desember 2013

Lögð fram til kynningar.

7. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dagsett 15. janúar 2014

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Seljalax hf Vogum Kópaskeri dagsett 20. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar ætla ekki að auka hlutafé sitt í Seljalaxi hf. Samþykkt samhljóða.

9. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu og Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga er varðar tilraunaverkefni með rafrænum íbúakosningum dagsett 27. janúar 2014

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum Sveitarfélaga dags 23. október 2013 ásamt svari Langanesbyggðar dagsett 29. janúar 2014

Langt fram til kynningar.

11. Bréf frá Umhverfisstofnun 27. janúar 2014 er varðar úrbætur á sorphaugum á Bakkafirði og svar Langanesbyggðar dagsett 3. febrúar 2014

Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Svavari Pálssyni lögreglustjóra og Friðriki Jónssyni framkvæmdastjóra er varðar endurskoðun á samstarfssamningi um almannavarnir dagsett 27. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Ólafur fundaði með Svavari Pálssyni sýslumanni um þessi mál. Núverandi samstarfssamningur er orðinn mjög gamall. Sveitarstjórn leggur til að Ólafur

Steinarsson verði fulltrúi Langanesbyggðar í nefnd um endurskoðun samstarfssamnings um almannavarnir í Þingeyjarsýslum. Samþykkt samhljóða.

13. Aðalfundarboð Landssamtaka Landeigenda á Íslandi ódagsett.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn leggur til að Ólafur Steinarsson sitji fundinn fyrir hönd Langanesbyggðar.

14. Boð um Þátttöku í landsskipulagsstefnu 2015-2026 dagsett 20. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Samþykkt að Ólafur Steinarsson verði fulltrúi Langanesbyggðar á samráðsvettvangi vegna mótunar landskipulagsstefnu 2015-2026. Samþykkt samhljóða.

15. Erindi frá Norðurhjara-ferðapjónustuklasa dagsett 3. febrúar 2014

Lagt fram til kynningar. Ólafi falið að finna hvenær það hentar að hitta fulltrúa frá Norðurhjara og fá kynningu.

16. Umsókn um styrk frá Saman hópnum, samstarfshópur um forvarnir dagsett 29. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að styrkja Samanhópin um 25 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

17. Umsókn um Styrk til nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda dagsett 20. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn hafnar að styrkja nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Samþykkt samhljóða.

18. Samstarfssamningur við Héraðssamband Þingeyinga dagsettur 29. janúar 2014

Lagt fram til kynningar. Miðað við íbúafjölda Langanesbyggðar þá eru um að ræða kr 318.600 á ári. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að ganga að fyrirbyggjandi samningi við HSB þar sem greiðsla þr íbúa hækkar upp í 600 kr. Samþykkt samhljóða.

19. Lokunaráætlun vegna Urðunarstaðarins á Þórshöfn

Lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn á Þórshöfn var dreift til sveitarstjórnarmanna.

Ábyrgðaryfirlýsing sveitarstjórnar Langanesbyggðar:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins á Þórshöfn, sbr. 43. gr. laga nr.55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Langanesbyggðar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

Yfirlýsingin borin undir fundarmenn og samþykkt samhljóða.

20. Samningsdrög við Íbúasamtök Bakkafjarðar vegna opunar á urðunarraðnum á Bakkafirði

Lögð fram til kynningar.

21. Endurfjármögnun á hluta af skuldum sveitarfélagsins, samkomulag við Íslandsbanka.

Farið var yfir tillögu að endurfjármögnun á lánasafni sveitarfélagsins á síðasta sveitarstjórnarfundi. Ólafur sýndi fram á breytingar á heildarlánasafni sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir að um 30 lán verði greidd upp.

Þá lagði Ólafur fram bréf sem barst í gær frá Sparisjóði Norðurlands undirritað af Ragnari Þorgeirssyni. Lagt fram til kynningar og ákveðið að taka það fyrir formlega á næsta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar veitir Ólafi Steinarssyni fullt umboð til að ganga frá og undirrita lánasamning f.h. sveitarfélagsins við Íslandsbanka að fjárhæð allt að 225 milljónir króna samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Samþykkt samhljóða. Þá rituðu sveitarstjórnarmenn undir umboð þess efnis.

22. Finnafjörður/Bremenports staða verkefnis

Oddviti fór yfir stöðuna á Bremenportsverkefninu og sagði frá því að tveir menn frá Bremenports hefði verið á Íslandi í viku tíma að vinna að undirbúningi rannsókna og samningagerðar. Þetta var unnið í samvinnu við sveitarfélögin og verkfræðistofuna Eflu.

23. Skýrsla sveitarstjóra:

- a. Vinnufundur með Teikn á Lofti. Ólafur fór yfir minnispunktana sem lagðir voru fram.
- b. Sértekur Byggðarkvóti. Ólafur kynnti stöðuna á sértekum byggðarkvóta á Bakkafirði. Útlit er fyrir að aðilar séu að ná saman og vonast er til þess samkomulag þess efnis verði sent byggðarstofnun innan tíðar.
- c. Punktur frá íbúasamtökum Bakkafjarðar. Lagðir fram til kynningar. Verða lagðir fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd á næsta fundi þeirra.
- d. Fjárfestingar - bygging á réttum fyrir búfénað í Kverkártungu, Miðfirði og Miðfjarðarnesi. Um er að ræða ósk um að byggja upp réttir/hólf á 3 stöðum. Málinu vísað til landbúnaðarnefndar með ósk um að hún fjalli um það og forgangsraði þessum verkefnunum og áætli kostnaði í verkefnið.
- e. Kauptilboð í fasteignina að Langholti 6. Lagt fram til kynningar. Ekki hefur borist svar við gagntilboðinu. Sveitarstjórn ákvað að rétt væri að auglýsa íbúðina til sölu á almennum markaði. Sveitarstjóra falið að skoða stöðuna á lánunum á íbúðinni og möguleikann á því að fá úthlutað úr varasjóði sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.
- f. Hallgilsstaðir. Leigendur hafa óskað eftir lánsveði í Hallgilsstöðum. Ólafi falið að vinna málið áfram og tryggja hagsmuni sveitarfélagsins hvað þetta varðar. Niðurstaðan verður lögð fyrir á næsta fundi.
- g. Sundurliðun ýmissa kostnaðarliða frá 2013. Ákveðið að fresta þessum lið fram á næsta sveitarstjórnarfund.
- h. Atvinnumálafundur framhald af íbúáþinginu sem haldið var í maí 2013 verður haldinn 13. febrúar 2014 og hefst kl 17:00.

24. Trúnaðarfundur. Fundi lokað og fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 17:56